



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 17. janúar 2014

Breytingar á reglugerðum

Reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga

Ágætu félagar

Á fundi stjórnar KSÍ 16. janúar voru gerðar breytingar á reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga.

Um er að ræða efnislegar breytingar í einhverjum tilfellum og eru aðildarfélög vinsamlegast beðin um að kynna sér þessar breytingar ítarlega.

Stóru efnislegu breytingarnar eru tvær.

Annars vegar sú að eftir breytingu þarf að skila inn staðfestingu á dvalar- og atvinnuleyfi fyrir erlenda leikmenn frá öðrum löndum en löndum innan EES, Grænlandi og Færeyjum. Ferli félagaskipta fyrir þá leikmenn skiptist þá í tvo hluta. Annars vegar það sem snýr að atvinnu- og dvalarleyfi frá UTL og svo í framhaldinu beiðni um félagaskipti fyrir viðkomandi leikmann. Skrifstofa KSÍ þarf að fá staðfestingu frá UTL um að leikmaður utan þeirra landa er að ofan greinir, hafi dvalar- og atvinnuleyfi, til að geta sett félagaskiptaferli af stað.

Hins vegar er sú breyting gerð að hér eftir eru tímabundin félagaskipti aðeins heimil fyrir leikmenn sem eru á leikmannssamningi, þ.e. leikmenn á slíkum samningum sem eru hjá liðum í Pepsi-deildum karla og kvenna og í 1. deild karla.

Breytingarnar taka allar gildi nú þegar.

Reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga

Dvalar – og atvinnuleyfi leikmanna utan EES, Grænlands og Færeyja. Ákvæði 19.7. í reglugerðinni.

Núgildandi ákvæði 19.7.

19.7. Við félagaskipti leikmanns úr erlendu félagi í íslenskt félag skal senda skrifstofu KSÍ tilkynningu um félagaskipti. Í kjölfar þess óskar KSÍ eftir alþjóðlegu flutningsskírteini frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins. Þá skal íslenska félagið greiða skrásetningargjald.

Ákvæði 19.7. eftir breytingar (breytingar skáletraðar)

19.7. Við félagaskipti leikmanns úr erlendu félagi í íslenskt félag skal senda skrifstofu KSÍ tilkynningu um félagaskipti. *Sé um að ræða erlendan leikmann frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum skal tilkynningunni fylgja staðfesting frá Útlendingastofnun og/eða Vinnumálastofnun á dvalar- og atvinnuleyfi leikmannsins á Íslandi. Tilkynningar um félagaskipti erlendra leikmanna utan þess svæðis en að ofan greinir eru ekki teknar til greina nema umrædd staðfesting liggja fyrir.* Í kjölfar þess óskar KSÍ eftir alþjóðlegu flutningsskírteini frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins. Þá skal íslenska félagið greiða skrásetningargjald.

Greinargerð: Útlendingastofnun hefur ítrekað gert athugasemdir við að hingað til lands komi leikmenn án dvalarleyfis og geri jafnvel leikmannasamninga sem KSÍ staðfestir án þess að viðkomandi hafi dvalar – og atvinnuleyfi. Sjálfsagt er að verða við því að þeir leikmenn sem hingað komi hafi tilskilin leyfi til dvalar og atvinnu og er því ákvæðið sett í samræmi við almenn lög um dvöl og atvinnu erlendra aðila á Íslandi.

Reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga

Tímabundin félagaskipti leikmanna – 16. grein í reglugerðinni.

Núgildandi ákvæði 16.1.

16.1. Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á samningi samkvæmt reglum KSÍ.

Ákvæði 16.1. eftir breytingar (breytingar skáletraðar)

16.1. Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á *leikmannssamningi* samkvæmt reglum KSÍ.

Greinargerð: Skv. þessari breytingu verður aðeins heimilt að lána leikmenn sem eru á leikmannssamningi, þ.e. leikmenn sem eru hjá félögum í Pepsi-deildum karla og kvenna og 1. deild karla og eru á leikmannssamningi. Félögum úr neðri deildum verður ekki heimilt að lána leikmenn en geta eftir sem áður fengið leikmenn lánaða. Ákvæði þetta er í samræmi við FIFA reglugerð sem gerir aðeins ráð fyrir lán á atvinnumönnum (professionals) en ekki á áhugaleikmönnum (amateur), auk þess sem verulega hefur borið á því að lið úr neðri deildum hafi gert samninga við leikmenn í þeim tilgangi einum að lána viðkomandi og hefur þá jafnvel félagið enga burði til þess fjárhagslega að standa við gerðan samning.

Reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga

Félagaskipti yngri leikmanna – orðalagsbreytingar skáletraðar.

10.1.3. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum (*innanlands og á milli landa*) og þegar leikmaður á tímabundnum félagaskiptum skiptir um félag, en þó aldrei eftir 31. júlí til loka keppnistímabilsins.

14.8 Félagi, sem gerir samning við leikmann, er skylt að kynna leikmanninum og *forráðamanni ef við á*, innihald hans áður en skrifað er undir hann.

16.5. Félög, sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns, skulu gera um það skriflegan samning þar sem fram koma kvaðir félaganna og hlutur leikmanns og skal hann undirritaður af báðum félögum, leikmanni og *forráðamanni ef við á*. Komi til vanefnda af hálfu félags sem fær til sín leikmann með tímabundnum félagaskiptum skal samningsfélag leikmanns ábyrgt fyrir efndum á leikmannssamningi hans. Brot á ákvæðum þessum skal fara með skv. kafla VIII í reglugerð þessari.

Greinargerð: Ofangreindar breytingar eru gerðar til þess að samræmis sé gætt á milli samningsforms og reglugerðar auk þess sem hnykkt er á því með breytingu á 10.1.3. að yngri leikmönnum sem koma erlendis frá er heimilt að skipta um félag utan félagaskiptaglugga (en þó aldrei eftir 1. ágúst til loka keppnistímabils) sé skilyrðum FIFA fullnægt.

Reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga

Hlutgengi í deildarbikarkeppni

Núgildandi ákvæði 3.5. og 3.6.

3.5. Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi 21. febrúar hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum og Íslandsmóti innanhúss (Futsal) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

3.6 (**Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2013**). Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem tekur gildi 21. febrúar 2013 hefur heimild til að taka þátt í deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

Ákvæði 3.5. eftir breytingar (breytingar skáletraðar – ákvæði 3.6. fellur út)

3.5. Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi 21. febrúar hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum, Íslandsmóti innanhúss (Futsal) og *deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum)* með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ